

Matvælastofnun,
Austurvegi 64,
800 Selfossi.

Ísafjörður, 28. maí 2020
2016020056

Efni: Umsögn vegna umsóknar Háafells ehf. um sjókvíeldi í innanverðu Ísafjarðardjúpi.

Í samræmi við 7. gr. laga 71/2008 um fiskeldi óskaði Matvælastofnun, þann 8. maí 2020, eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingar um það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.


Jafnframt óskar Matvælastofnun eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna fjarlægðar milli eldissvæða Háafells og ASF í Skötufirði.

Ísafjarðarbær telur að fyrirhuguð starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi ekki tilefni til mikilla eða óafturkræfra neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa.

Þó bendir Ísafjarðarbær á að mikilvægi staðalsins NS9415:2019, eða sambærilegar kröfur, séu mikilvægar í mótvægi við hugsanleg neikvæð vistfræði- eða erfðafræðiáhrif sem og að vöktun á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotni, undir og við eldiskvívar í Skötufirði, byggji á staðlinum ISO 12878.

Jafnframt telur Ísafjarðarbær að halda skuli útgefnum fjarlægðarmörkum milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila skv. Reglugerð nr. 1170/2015.

Virðingarfyllst,



Heiða Jack
skipulagsfulltrúi

